

Reglur Landvarðafélags Íslands varðandi ferða og- fræðslustyrki

1. Landvarðafélag Íslands heldur úti ferða- og fræðslusjóð. Markmið sjóðsins er að styrkja félaga í landvarðafélaginu til þess að sækja ráðstefnur erlendis fyrir hönd Landvarðafélags Íslands í þeim tilgangi að efla samstarf félagsins á erlendum vettvangi. Einnig er markmið sjóðsins að styrkja þá félaga Landvarðafélags Íslands að sækja sér menntun og fræðslu sem nýtast mætti í landvarðastörf.
2. Tekjur ferðasjóðsins eru 25% af árgjöldum hvers árs.
3. Hver félagi getur að hámarki sótt um einn styrk á hverju almanaksári og er hámarksupphæð hvers styrks 50.000 kr.
4. Ef fleiri en 2 félagar sækja um styrk fyrir sama viðburð metur stjórn eftir tilvikum upphæð styrkja út frá stöðu ferðasjóðsins og með hliðsjón af ráðstefnum sem eru framundan.
5. Forsendur þess að félagi hljóti styrk er að hann skili af sér vinnu tengdri ráðstefnunni. Sú vinna getur til að mynda verið í formi skipulagningar (t.d. koma með gjafir), fyrirlestrar á ráðstefnunni, greinaskrif, fyrirlestur fyrir félaga, kynning á samfélagsmiðlum eða annað í samráði við stjórn og alþjóðanefnd. Styrkurinn er ekki greiddur fyrr en vinnunni er lokið og staðfesting á þátttöku á ráðstefnu er skilað.
6. Forsendur fyrir því að félagi hljóti fræðslustyrk er að námið sé viðeigandi landvarða-störfum, náttúruvernd, miðlun upplýsinga, landvörslu, og fleira.
7. Umsækjandi getur ekki hlotið styrk úr ferða- og fræðslusjóði liggi styrkveiting fyrir úr öðrum sjóðum fyrir sama verkefni.
8. Umsækjandi hlýtur ekki fræðslustyrk úr ferða- og fræðslusjóði ef umsækjandi á möguleika að sækja styrk eftir hefðbundnum leiðum, til að mynda í stéttarfélag eða gegnum vinnuveitanda. Styrkurinn er ætlaður þeim félögum sem starfa tímabundið við landvörslu, og eiga ekki rétt á öðrum styrk.
9. Stjórn er heimilt að veita styrki til annarra landvarðatengdra viðburða erlendis. Stjórn skal meta hverja umsókn og styrkupphæð eftir atvikum. Í þeim tilvikum er stjórn heimilt að nota almenna reikninga félagsins.
10. Stjórn félagsins heldur utan um ferða- og fræðslusjóðinn, úthlutar styrkjum og úrskurðar í þeim vafamálum sem kunna að koma upp.

Reglur þessar voru samþykktar á aðalfundi 28. mars og endurskoðað á stjórnarfundum 22. maí 2023. Breytingar samþykktar á aðalfundi 14. apríl 2025.